

## Fundargerð Fagráðs í nautgriparækt 8. nóvember 2011 í Bændahöll.

Mættir:

Guðný Helga Björnsdóttir, formaður fagráðs

Magnús B. Jónsson

Sigurður Loftsson

Sigurgeir Hreinsson

Þórarinn Leifsson

Baldur Helgi Benjamínsson

Björn Gunnarsson

Bragi Líndal Ólafsson

Gunnar Guðmundsson

Grétar Hrafn Harðarson

Þorsteinn Ólafsson

Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir

### 1. Umsóknir í þróunarsjóðinn

Fjallað er um þær umsóknir sem borist hafa í þróunarsjóðinn

#### a. Langtímahorfur íslensks landbúnaðar

Þessi umsókn er að koma aftur til kynningar hjá Fagráði. Umsækjendur eru búnir að fá vilyrði fyrir styrkveitingu frá MS. Verið er að vinna að lítils háttar breytingum á verkefninu og því hafa umsækjendur óskað eftir að umsóknin verði tekin fyrir við næstu úthlutun.

#### b. Mjólkurframleiðsla á norðlægum slóðum

Umsókn frá Torfa Jóhannessyni. Ekki standa fleiri að verkefninu. Verkefnið snýst um möguleika mjólkurframleiðslu í breyttu umhverfi, er þá sérstaklega rætt um mögulega aðild að ESB. Fundarmenn eru sammála um að verkefnið liggja á jaðri þess sem rúmast innan þróunarsjóðsins og ekki sé forsenda til að veita styrks til verkefnisins.

#### c. TINE Optifór-Island

Sótt er um styrk til að mæta kostnaði við notkunarrétt og aðlögun hugbúnaðarins að notkun á íslenskum kúabúum (samskipti við HUPPU og gagnaflutningur milli kerfanna). Samningur við Norðmenn gerir ráð fyrir að útistandandi reikningur vegna þessarar vinnu deilist á tvö ár og er því einnig tekið fram í umsókn að gert sé ráð fyrir að sækja í fagfé nautgriparæktarinnar árið 2012. Vinnu við aðlögun er lokið og kerfið er nú þegar komið í notkun. Í framtíðinni er síðan gert ráð fyrir að notendagjöld bænda muni standa undir árgjöldum vegna notkunar á Tine Optifór sem eru um 80 þús Nkr fyrir ótakmarkaðan aðgang að kerfinu. Tillaga að því að veita umbeðinn styrk kr. 1.250.000 til verkefnisins er samþykkt.

#### d. Jarðræktarbók

Umsókn frá BÍ. Nokkrar umræður spinnast um þessa umsókn. Menn leggja mikla áherslu á að æskilegt sé að Jarðræktarbókin sé sett fram sem vefútgáfa fremur en prentuð útgáfa og að þetta verði sett upp á þann hátt að auðvelt verði að leita eftir sérstökum efnisflokkum. Fagrád samþykkir að veita umbeðinn styrk kr. 750.000 þó að því tilskyldu að fagrád í sauðfjárrækt styrki einnig verkefnið.

Nokkrar umræður verða um form og frágang umsókna. Nauðsynlegt er að samræma þetta og er samþykkt að fá leyfi hjá Framleiðnisjóði til að aðlaga það umsóknareyðublað sem þeir hafa sett út fyrir umsóknir í sjóðinn, að þörfum Fagráðs. Einnig er samþykkt að Fagrád setji reglur um það hvernig skila eigi upplýsingum um framgang og lok verkefna. Komandi hefur í ljós að nokkrum verkefnum, sem þegið hafa styrk, er ennþá ólokið.

Rætt er um það að engin umsókn hafi komið frá Landbúnaðarháskólanum. Bókað er eftirfarandi:

*Fagrád í nautgriparækt lýsir áhyggjum yfir því að engar umsóknir hafi borist frá Landbúnaðarháskóla Íslands í fagfé nautgriparæktarinnar og í ljósi þessa sé eðlilegt að velta upp spurningum hvort rannsóknastarf á sviði nautgriparæktar innan skólans sé í takt við mikilvægi þessarar búgreinar fyrir íslenskan landbúnað.*

## **2. Ráðstefna um kynbætur nautgripa**

Kynnt eru drög að dagskrá ráðstefnu um kynbætur nautgripa sem halda á þann 30. nóvember næstkomandi. Undirbúningsnefnd er falið að fullgera dagskrána

## **3. Erindi Búvest**

Á fundi þann 31. ágúst síðastliðinn var tekið fyrir erindi frá Búvest v/sölu á sæði til einstakra bænda til nota á eigin búi. Fagrád taldi „*ekki í sínum verkahring að heimila eða banna slíkt fyrirkomulag en óskaði eftir því að fá gleggri upplýsingar um þetta tiltekna tilvik í því skyni að hafa frumkvæði að því að móta vinnureglur um samninga sem bændur óska að gera við rekstraráðila sæðinga um frávík frá hinni almennu reglu um sæðingastarfsemi á vegum búnaðarsambanda.*“ Slíkt hefur nú borist frá Búvest þar sem sérstaklega er óskað eftir slíkum leiðbeiningum. Gunnfríði og Magnúsi er falið að gera tillögu að þesskonar leiðbeiningum.

## **4. Stefnumörkun LK**

Farið er yfir nýútkomna stefnumörkun Landsambands kúbænda og þá sérstaklega þar sem gert er ráð fyrir aðkomu Fagráðs. Sérstaklega er rætt um hlut kynbótastarfsins í stefnumörkuninni og gera nautgriparæktarráðunautar Bændasamtakanna athugasemdir við það að ekki sé gert ráð fyrir neinum öðrum verkefnum á sviði ræktunarmála en að skoða möguleika á blendingsrækt og að leita samstarfs við erlend ræktunarsamtök. Í ljósi þeirrar staðreyndar að margt sé hægt að gera til að bæta árangur ræktunarstarfsins eins og það er sett upp í dag þá verði það að teljast veikleiki á stefnumótuninni að ekki skuli vera fjallað um mikilvægi þess að bæta ræktunarstarfið hér heima. Fjallað er um rannsóknabáttinn. Gunnar Guðmundsson, Bragi Líndal Ólafsson og Grétar Hrafn Harðasson eru að vinna að greinargerð um málið. Rætt er um að hægt væri að gera leiðbeinandi tillögur að styrkumsóknum. Bragi varpar fram hugmyndum um stærri kúrsa sem í raun séu þá verkefni sem eftl gæti rannsóknastarf.

Rætt er um áætlaða skýrslu hvað varðar ráðgjöf sem talað er um í stefnumörkuninni og að áætlaður sé stuttur tími til vinnslu skýrslunnar.

## **5. Önnur mál**

### **a. Sæðingastarfsemi í S-Þing.**

Framkvæmdastjóri LK tekur upp mál er varða lélegt fanghlutfall sæðinga á svæði búnaðarsambands Suður Þingeyinga. Nú þegar hefur verið brugðist við þessu og almennri þörf á endurmenntun sæðingamanna með því að skipuleggja námskeið fyrir starfandi frjóttækna. Rætt er um að gott væri að hafa aðgang að góðri þekkingu á frjósemismálum nautgripa innan Nautastöðvar BÍ.

### **b. Einstaklingsmerkingar**

Nautgriparæktarráðunautar BÍ lýsa yfir áhyggjum af stöðu eftirlits með einstaklingsmerkingum innan MAST, ljóst sé að ekki hafi verið tekið á stóru vandamálunum sem tengjast algerlega ómerktum og óskráðum hjörðum sem ennþá finnast. Auk þess séu dæmi um það að opinberar stofnanir hafi leitað til ráðunauta BÍ þar sem þeir fá ekki fullnægjandi upplýsingar hjá starfsmönnum MAST hvað varðar búfjárfjölda og annað slíkt.

Eftirlit með einstaklingsmerkingum og búfjárefirlit er nú algerlega á könnu MAST og óásættanlegt ef vinnubrögð stofnanarinnar eru þess eðlis að verkefnið lendi í borðum ráðunauta sem bera enga ábyrgð á framkvæmd verkefnisins.

Fleira ekki rætt og fundi slitið

Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, ritaði fundargerð